

Baldursheimsfundurinn.  
Þjóðólfur 10. apríl 1862 bls. 70 - 71

Dagsverk um heyannir	86 sk.	.	„	„	„
Lámbstóðr	1 rd. 65	—	.	„	„
Medalverð:					
Í friðu			37	10 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	29 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>
- ullu, smjöri og tólg			39	21	31 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>
- tóvöru			13	42	10 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>
- fiski			31	85 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	25 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>
- lýsi			21	24	17
- skinnavöru			24	43	19 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>
Medalverð allra medalverða			<b>27</b>	<b>85<sup>2</sup>/<sub>3</sub></b>	<b>22<sup>1</sup>/<sub>3</sub></b>

Merkilegr fundr.

(Aðsent af herra Sigurði Guðmundssyni málara í Reykjavík).  
Árið 1860—61 hafa ýmsar fornleifar fundizt í Baldrsheimi við Mývatn sem eru mjög athugasaverðar, því bæði er, að þesskonar fundir eru mjög sjaldgæfir hjá oss, en þó er enn sjaldgæfara að nokkur gefi gaum að því, eðr hafi hirðusemi á að vernda það, og því síðr að sýna það þeim, sem hafa vit á þesskonar, heldr halda menn því leyndu eðr eyða því með öllu, svo engi getr haft gagn eða fróðleik af því, og mega menn stórlega undrast yfir því, fyrst Íslendingar þykjast elska fornsögur sínar og fornöld.

Herra alþingismaðr Jón Sigurðsson á Gautlöndum hefr úttegð mér myndir af flestum þessum hlutum, og eru þær eptir Arngrím Gíslason; þær eru ágætlega vel dregnar af ólærðum manni, og honum til sóma hver sem sér þær; með myndunum fylgdi athugasemd um dysið, er fornmenjar þessar fundust í, og upptöku þeirra, hvernig þær lágu í dysinu og hljóðar lýsingin þannig: „Vorið 1860 fundust í Baldrsheimi við Mývatn leifar af dysi (að öllum líkindum frá heidni); það er blásið upp úr holti hërumbil 200 faðma beint í austr frá bæjardyrum, og sást fyrst höfuðkúpa af manni, sem er 17<sup>5</sup>/<sub>8</sub> þuml. að hringmáli, og fanst þá um leið spjót, sjá myndina nr. 1<sup>1</sup>; en vorið eptir, nl. 1861, fanst sverð mjög riðgæð, sjá nr. 2; var þá farið að grenslast eptir meiru (en því miðr af eptirtektalitlum únglingum), og var því óreglulega mokað upp dysið, svo ekki verðr sem nánast sagt frá, hvernig leifar þessar litu út. Dysið snýr frá austri til vestrs, höfuð í austr, svo beint horfði móti dyrum, og spjótið til hægri handar, og tafl, sjá nr. 3, og 24 beintöflur, sjá nr. 4; líka lítr út fyrir, að skjöldr haf legið til þeirrar handar, og sjást ekki aðrar leifar þess, en naglar, og lítið eitt af trè í kring. Til vinstri handar lá sverðið, og sneri oddr niðr; nokkur smástykki komu þar af jární, er auðsjáanlega eru af umgjörð meðalkaffans, slétt en bjúg, með lítið barð á rúndinni. Sverðið hafði verið í trèslíðrum, og sjást leifar þess utan á sverðinu báðu megin, hjá því lá lítið brýni með gati í annan enda og lítil glertala brotin, með gyllingu auðsjáanlegri. Beinín lágu rætt, handleggir niðr með hliðum og fætr rættir, og má kalla, að leifar þessar horfði frá landnorðri til útsuðrs. Lærleggirnir voru 17<sup>1</sup>/<sub>2</sub> þuml., með hlössum, að lengd, og samsvarandi því að

1) Allar þær myndir, sem hér er getið, hefr Sigurðr málarí Guðmundsson. Ritst.

gildleika. Hërumbil 1 álnar bili frá fótagaflí dyss þess var annað dys af hesti, og var það krínglótt, og voru leifar hryggsins hríngbeygðar vestan fram, en fótleggir allir til samans austan fram, höfuð í norðr, beygt inn að fótleggjunum; engi merki fundust til reiðskapar, önnur en kjaptmél, sjá nr. 5, er var upp í höfðinu, og ein lítil járnhríngja. Hestrinn hefr verið meðallagi stór og úngr, er vel má sjá af tönnunum. Héraðauki fanst lítið riðgæð járn, er menn hældu að væri leifar af lítilli öxi.

Það var illa farið, að gætnir menn voru ekki strax við höndina, er þessar fornleifar voru teknar upp (eins og höfundr greinarrinnar getr um), því þá hefði menn efallast getað að meira lært af þeim, en það tjáir nú ekki að tala um það, enda hafa þeir fyrgreindu menn sýnt óvanalega nákvæmni í sinni ransókn á dysinu, og eiga þeir skilið mikla þökk fyrir það. Af því að eg hefr ekki sæð með eigin augum þessar fornleifar, þá get eg lítið sagt um þær, enda er það ekki hægt að svo stöddu, á meðan öllum fornleifum er glatað jafnöldum og þær finnast, og engu er safnað saman í eitt, því á meðan er ekki hægt að bera neitt saman, nema við útlendar fornleifar, sem þó er hæpið, því margt hefr verið frábrugðið á Íslandi, því sem annarstaðar var títt.

Allt finnst mér benda á, að þetta dys sè frá söguöldinni, og líklega frá því fyrir árið 1000, því alt sýnir, að þessi maðr hefr mjög rækilega verið grafnr með vopnum sínum og reiðskjóta, og sínum helztu uppáhaldsgripum, er hann hefr eptir trúformanna átt að skemta sér við í Valhöll. Varla mun það hafa verið tíðkað eptir að kristni var lögtekin á Íslandi. Ýms fornmanna dys, sem könnuð hafa verið hér á landi, sýna, að það hefr verið síðr fornmanna, að grafa menn með hestum sínum, og jafnvel hundum, sem einnig sæst af Svada-þætti, Flateyjarbók bls. 436; þar segir, að Svadi „var grafnr af sínum mönnum ok þar með hundr hans ok hestrat fornum síð“; nýlega var og grafnð upp dys hjá Gautlöndum við Mývatn, og fundust þar mannsbein og bein af stórum hundi, en lítið annað og bendir það allt á hið sama.

Spjótið er þess kyns spjót, er fornmennt kölluðu fjaðraspjót; það er nú orðið mjög riðbrunnið, samt er lítið riðgæð af eggjum þess og munu menn hërumbil sjá þess upprunalegu breidd, það er 1 þuml. og 1 lína þarsem fjóðrin er breiðust fyrir framan falinn; aptan af falnum er talsvert riðbrunnið, og er bágt að segja hvað mikið; falrinn er 10 línur á þykkt þar sem hann er digrastr; af oddi spjótsins er lítið riðgæð; lengd spjótsins er nú 15 þuml. og 5 lín. Eg verð að eins að geta þess, að þetta spjót hefr nokkuð annað lag en þau spjót, er eg hefr sæð í Danmörku, það er lengra og rennilegra en þau flest, er eg hefr sæð; til samanburðar verð eg að geta þess, að eg hefr nýlega fengið að austan annað spjót, sem hefr mjög líkt lag, hërumbil eins á breidd, en 12 þuml. á lengd; enda er mikið riðgæð af oddinum og eins aptan af falnum, og er því ekki hægt að ákveða þess upprunalegu lengd; eg hygg að bæði þessi spjót sè frá sama tíma, frá því fyrir 1016, eðr fyrir þann tíma er hin breiðu spjót fóru að tíðkast hér á landi, Grettla kap. 45. Ekki er hægt að álykta af þessum 2 spjótum, hvort þetta lag hefr verið alment í fornöld hér á landi, en efallast geta menn talsvert fræðzt af þeim, ef menn gæti fengið fleiri spjót til samanburðar, sem til eru hér á landi.

Sverðið er nú orðið mjög riðbrunnið og riðgæð sandr í 4 parta, og er nær því allr meðalkaffinn dottinn af því; samt

sæst skýrt votta fyrir eggteinum á því; framanaf blóðrefinum (oddinum) er ta'svert brannið burtu, og er þessvegna ekki hægt að segja alveg með vissu, hvað sverðið hefir verið langt upprunalega, en nú er braudrinn 1 al. og 4 þuml. og 5 lín. upp að hjöltum, en 2 þuml. og 2 lín. á breidd upp við hjöltun; hjöltun eru nú 1 þuml. á breidd, en 4 á lengd; þau hafa upprunalega verið smelt eða gull- eða silfr- rekin, því annarsveggar á þeim sæst enn votta fyrir grind eða einsog brugðnum hnúti, sem hefir verið smelt inni hjöltun af öðrum málmum það er nú alveg eða að mestu dottið burt, en farið eptir það sæst skýrt; þessi hnútr eða rós, sem smelt hefir verið inni hjöltun, hefir auðsjáanlega verið gerð í sama anda og líklega á sama tíma og þau 2 skrautsverð, er fundizt hafa, annað í Danmörku en annað í Noregi. Þessar eyðilögðu leifar bera því vitni um, ásamt með sögunum, að Íslendingar hafi til forna haft þesskonar skrautsverð ekki síðr en aðrar norðrlandahjóðir, og vona eg þetta nái til eyrna þeirra, er rengja sögurnar bæði í því og öðru. Að stærð hefir þetta sverð verið meðals verð, eptir þeim sverðum er eg hefi sæð í Danmörku og Svíþjóð frá sama tíma.

Öxin er nú svo riðbrunnin, að á henni sæst nú ekkert lag og ekki með vissu hvort það hefir verið öxi.

Teningrinn er aflánger og mjög áþekkr þeim, sem fundizt hafa í Danmörku; töflurnar eru kúpuvaxnar og er oddr á þeim í miðju, og Jón á Gautl. minti, að hola væri neðan í þær, og ef svo er, þá hafa þær hærumbil sama lag og þesskonar töflur, er fundizt hafa í Danmörku frá fornöld, og geymdar eru þar á forngripasafninu. Menn hafa ályktað, að holan hafi verið höfð neðan í töflurnar, til þess að töflurnar skyldu ekki færast úr stað, er víkingar sátu að tafla á lánngskipum sínum í sjávangangi, hafa því hlotið að hafa verið smáttittir uppúr taflborðinu er töflurnar voru settar ofaná.

Á sama stað fanst, þann 25. maí sama ár (1861), skák- eðr taflmaðr, það er mannsmynd ofan að mitti, hann er í kyrtili eðr ólpu og hefir hött á höfði með eyrum á hliðunum; þessi mynd bendir á, að það hafi verið síðr í fornöld að hafa þesskonar dýraeyru á báðum hliðum á höttum, því þesskyns hettir með eyrum sjást myndaðir á þesskonar myndum, sem til eru á forngripasafninu í Kaupmannahöfn, og eru því full líkindi til að þær sè frá sama tíma, eðr frá því fyrir 1000—1016.

Bitillinn eðr kjaptmèlin eru eins og vanaleg óvönduð hringabeizli, er menn hafa nú á dögum hær á landi; það er og hærumbil vist, að á söguöldinni höfðu menn eináugis hringabeizli.

Þesskonar brýni, sem hær er getið um, hafa menn fundið víðar hær á landi, og eins í útlöndum, og munu menn hafa haft gat í gegnum þau, til þess menn gæti betr<sup>r</sup> fest þau við sig.

Til hvers þessi glertala hefir verið höfð, sem hær er getið, er ekki hægt að segja, en víðar hafa, bæði í fornmannadysum í Danmörku og eins hær á landi, fundizt þesskonar tölur, þótt þær sè nú hær glataðar, eins og flest annað, en líklegast er, að það sè tala úr steinasörvi, er bæði karlar og konur höfðu á hálsi sèr í fornöld, og menn höfðu mikinn átrúnað á.

Af hringjunni hefi eg hvorki mynd eðr lýsing, og er mér því ekki hægt að segja neitt um hana.

(„Hugvekja til Íslendinga“, út af þessum fundi, eptir sama höfund, kemr í næsta bl.).